



Róbert Birgir Agnarsson

5. maí 2019.

Á aðalfundi Frjálsa lífeyrissjóðsins 13. maí næstkomandi, býð ég mig fram til stjórnar lífeyrissjóðsins til tveggja ára.

Ég hef verið í Frjálsa lífeyrissjóðnum frá árinu 1982. Þar á ég stærstan hluta af lífeyri mínum. Ég hef því mikinn áhuga á velferð sjóðsins og vill gjarnan fá tækifæri til að koma að stefnumörkun og rekstri Frjálsa lífeyrissjóðsins. **Áherslumál mín lúta meðal annars að sjálfstæði sjóðsins, rekstrarkostnaði/ávöxtun, rafrænum kosningum í stjórn sjóðsins og því að alltaf sé haft í huga hvers kyns fjármuni er verið að fara með við fjárfestingaákvæðanir.**

Ég er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og hef á starfsævinni gengt mörgum stjórnunarstöðum og starfað í mörgum stjórnnum félaga og félagasamtaka. Meðal annars var ég stjórnarformaður Hlutabréfasjóðs Norðurlands hf á Akureyri og síðan í 11 ár stjórnarformaður Hávöxtunarfélagsins hf sem var rekstrarfélag Einingabréfasjóða Kaupþings hf. Ég var í stjórn Verðbréfpings Íslands hf, sem er forveri Kauphallarinnar og var á vegum Verðbréfabings Íslands í nefnd sem vann að lögum um innherjaviðskipti. Hef sinnt ýmsum félagsstörfum. Það væri að bera í bakkafullan lækinn að telja upp öll stjórnar- og félagsstörf sem ég hef sinnt, læt ég nægja að segja frá starfsreynslu minni.

Störf:

2009-	Fine Fish ehf. Stjórnaformaður/rekstur- og fjármál
2003-2008	Kaupþing hf. Viðskiptastjóri á Fyrirtækjasviði
1995-2003	SÍF hf. Framkvæmdastjóri SÍF Ísland / aðstoðarforstjóri
1994-1995	Kaupþing hf. Sérfræðingur í fjármálum sveitarfélaga
1992-1994	Mosfellsbær Bæjarstjóri
1982-1992	Kísiliðjan hf. Deildarstjóri/skrifstofustjóri/framkvæmdastjóri (8 ár)

